

**Starfsskýrsla bókasafns Borgarholtsskóla
Skólaárið 2013-2014**

Starfsfólk: Ása Þorkeldsdóttir safnstjóri og Steinunn Þórdís Árnadóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur, báðar í fullu starfi.

Notendur: 1453 nemendur hófu nám við skólann á haustönn og nemendur á vorönn. Starfsmenn í maí voru 127 þar af 93 kennarar (þá eru ekki meðtaldir þeir sem eru í leyfi).

Húsnæði: Safnrými, lesstofa, skrifstofa og geymsla eru um 383 m². 72 sæti eru fyrir safngesti.

Opnunartími: Mánud. - fimmtud. kl. 8-16:30, föstud. kl. 8-15. Opið var í 41 klst. á viku.

Aðföng: Áskrift er að 39 tímaritum, fréttabréfum og ársritum.

Skráð aðföng veturinn 2013-2014	Aðföng	Fyrri skólaár	Eign í maí
bækur	335	(216)	8550
kort		(1)	54
spil	5	(2)	27
geislaplötur (CD)	3	(14)	257
snældur		(0)	29
myndbönd		(0)	279
mynddiskar (DVD)	19	(73)	630
Eintök alls:	356	(306)	9826

Uppruni gagna	
keypt	343
aðsent/ókeypis	3
gjafir	10

Afskriftir	
glatað/vanskil	14
úrelt/ónýtt	98

Fjöldi titla eftir greinum		
001-099	Tölvufræði, bókaskrár, bókasafnsfræði, alfræðirit	3
100-299	Heimspeki, sálfræði, siðfræði, trúarbrögð	10
300-399	Félagsfræði, stjórnsmál, hagfræði, menntamál, þjóðfræði	28
400-499	Tungumál	45
500-599	Raunvísindi	17
600-699	Tækni, framleiðsla, iðnaður, heilbrigðisvísindi, viðskipti	20
700-799	Listir, skemmtanir, tómstundir, íþróttir	41
800-899	Bókmenntir	163
900-999	Sagnfræði, landafræði, ævisögur	34

Útlán og millisafnalán: 4419 (4508) eintök voru lánuð frá safninu, bæði heim og í kennslustofur. Millisafnalán voru 15 (11) eða 6 til safnsins og 9 til annarra bókasafna.

Safnkostur: Á skólaárinu voru skráð 361 eintak. Á haustönn var safninu endurraðað til að skapa meira rými. En víða voru þrengsli orðin mikil. Handbókum sem höfðu fengið gott pláss var raðað saman við annan safnkost og jafnframt afskrifað mikið af úreltum handbókum.

Notkun safnsins, upplýsingaþjónusta: Útlán þennan veturinn eru heldur færri en síðastliðinn vetur og kemur þar væntanlega inni 3 vikna verkfall framhaldsskólakennara. Notkun safnsins er alltaf mikil. Kennarar eru duglegir að koma með nemendahópa til að vinna verkefni á safninu og aðsókn í tölvur var það mikil að bregða varð á það ráð að biðja kennara að panta fyrirfram. Á haustönn dagana 4.-8. nóvember gerðum við þjónustutalningu, en vegna verkfalls kennara var engin þjónustukönnun á vorönn. Samkvæmt þjónusutkönnuninni fengu að meðaltali 51 einstaklingur á dag lánuð gögn. (sjá fylgiblað)

Rekstrarkostnaður:

Rekstrarkostnaður 2013	
bækur, tímarit og annar safnkostur	964.001
bókasafnskerfi (hýsing og þjónusta)	494.662
gagnasöfn (landsaðgangur og Morgunblaðið)	169.749
bókaplast, ritföng og spil	38.689
ráðstefnur og námskeið	30.266
Samtals:	1.887.874

Bókasafnskerfi – Gegnir: Útlán og allt nýtt efni nema tímarit er skráð í kerfið. Heilmikil samvinna er við önnur bókasöfn sem nota þetta landskerfi bókasafna og mikil þægindi að geta tengt sín eintök við þær færslur sem fyrir eru í kerfinu. Alltaf þarf þó að frumskrá nokkuð af gögnum. Listi yfir nemendur er færður úr Innu í Gegni á haustönn en eftir það er nýjum lánþegum bætt handvirkt inn. Hægt er að senda rukkanir úr kerfinu með tölvupósti. Auk þess sendum við sms til nemenda, hringjum og förum í kennslustund til þeirra sem ekki bregðast strax við og skila því sem er í vanskilum.

Gagnasöfn og vefbækur: Bókasafnið greiðir hlut í landsaðgangi að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum. Bókasafnið greiðir nú fyrir áskrift að vefbókasafninu Snara.is sem inniheldur orðabækur og fleiri handbækur. Aðgangur að vefnum ordabok.is er frír fyrir framhaldsskóla.

Leitir.is: Á vefnum leitir.is býðst aðgengi á einum stað að fjölbreyttum safnkosti bókasafna á Íslandi og efni valinna sérsafna. Kerfið veitir upplýsingar um gögn bókasafna og aðgang að rafrænu efni hvort sem um er að ræða texta eða myndrænt efni. Jafnframt eru rafrænar tímaritsgreinar og gagnasöfn í hvar.is leitarbær í gegnum leitir.is. Upplýsingar um gögn í eigu Bókasafns Borgarholtsskóla eru nú bæði sýnileg á Gegnir.is og Leitir.is. Innan skamms mun vefurinn Gegnir.is leggjast af og vefurinn Leitir.is taka alfarið yfir.

Tölvur og búnaður: Í apríl voru settir upp 6 nýjar skjáir við nemendatölvur. Á bókasafni eru nú 17 tölvur fyrir nemendur. Einnig eru 2 vélar við inngang sem eru eingöngu ætlaðar til að leita í Leitir.is. Steinunn fékk nýja tölvu og skjá en tími var komin á þá tölvu sem fyrir var. Í byrjun haustannar var keypt ný ljósritunarvél, sem virkar líka sem skanni og prentari. Hefur hún reynst mjög vel.

Safnkennsla: Á haustönn voru kynningar fyrir 9 lífsleiknihópa, samtals 213 nemendur, 1 hópur LIM 103, 25 nemendur, 1 hópur FJF103 21 nemandi og félagsliðar í dreifnámi stutt

kynning 20 nemendur. Á vorönn fór Steinunn í kennslu í heimildaleit í hóp í sögu og fjölmiðlafræði. Ása kenndi 2 tíma í dreifnámi um upplýsingaleit og bókasöfn.

Kynningarmál: Bókasafnið er með upplýsingasíður á vef skólans. Þar er meðal annars hægt að nálgast aðfangalista hvers mánaðar og yfirlit yfir tímarit í áskrift. Einnig sendum við kennurum tölvupóst með upplýsingum um nýtt efni sem tengist þeirra kennslu- og áhugasviði. Nýju efni, bókum og tímaritum, er stillt upp í sýningarhillur. Auk þess er leitast við að vekja athygli nemenda á spennandi bókum og hvetja þá til að lesa sér til ánægju. Að venju var vefur skólans kynntur í móttöku fyrir nýnema á haustönn. Kynningargreinar um bókasafnið voru birtar í fréttabréfi fyrir foreldra nýnema á haust- og vorönn. Skólinn var með opið hús 26. febrúar og margir litu við á bókasafninu sem var opið lengur í tilefni dagsins.

Fundir og námskeið:

Ása sótti 2 fundi hjá félagi bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum, einnig fór hún á ráðstefnu hjá Öryggismiðstöðinni um sjálfsafgreiðsluvélar og þjófavarnir á bókasöfnum og Notendaráðstefnu Aleflis (félag notenda Gagnis). Báðar sóttu málþing í Háskóla Íslands – Málþing um nám og framtíð stéttar. Steinunn sótti tvo morgunfræðslufundi hjá Upplýsingu – félagi bókasafns og upplýsingafræða. Hún fór á fræðslufund skrásetjara sem haldin var í Þjóðarbókhöðunni, ráðstefnuna Gullna hliðið – áskoranir í breyttu umhverfi upplýsingafræðinga haldin í Þjóðarbókhöðunni. Einnig fór á hún á tveggja daga námskeið ætlað vefstjórum. Þær fóru síðan á sitthvort námskeiðið hjá Landskerfi.is – Leitir opna dyr og Kerfiskeysrlur.

Önnur störf: Ása situr í gæðaráði og í stýrihópi um heilsueflandi skóla. Steinunn sér um vefsíðu skólans og starfar í undirbúningshópi Upplýsingar, félags um bókasafns- og upplýsingafræða, fyrir Bókasafnsdaginn 2014.

28. apríl 2014

Ása Þorkelsdóttir